

REGLUGERÐ

fyrir heimilishjálp á Blönduósi.

1. gr.

Um heimilishjálp gilda lög nr. 10/1952 og reglugerð nr. 114/1971 um heimilisþjónustu fyrir aldraða.

Heimilishjálp á Blönduósi heyrir undir og lýtur stjórn Félagsmálaráðs Blönduóss.

Starfsmenn starfa eftir lögum og reglugerðum um heimilishjálp/þjónustu og þeim fyrirmælum, sem sett eru af Félagsmálaráði. Um öll vafaatriði ber að snúa sér til Félagsmálaráðs.

Ef fleiri en aðstoðarþegi búa saman í íbúð skal aðstoð bundin við sérhúsnæði aðstoðarþega og það sameiginlega húsnæði, sem hann hefur aðgang að, t. d. eldhúsi, gangi, baði og þá að hans hluta, miðað við edlilega notkun.

2. gr.

Verkefni heimilishjálpar geta farið eftir aðstæðum í hverju einstöku tilviki en miðast almennt við öll venjuleg heimilisstörf, sem aðstoðarþegi ekki getur annast sjálfur, svo sem innkaup, matreiðslu, minni háttar hreingerningar (þ. m. t. skápar, gluggar, hurðir o. þ. h.).

Aftur á móti nær aðstoð ekki til stórhreingerninga, garðyrkjustarfa eða annarra starfa utanhúss.

Starfsmanni ber að gera það sem í hans valdi stendur til þess að gætt sé reglusemi og þrífnaðar á heimilinu og gæta hófsemi í daglegum útgjöldum þess, að svo miklu leyti sem snertir hans starf.

Ef um er að ræða aðstoð frá heimahjúkrun á viðkomandi heimili er lögð áhersla á gott samstarf starfsmanna og edlilega verkaskiptingu þeirra á milli.

Starfsmaður er háður þagnarskyldu um það sem hann kemst að í starfi sínu. Einnig ber honum að forðast að tala um eigin vandamál við aðstoðarþega.

Rík áhersla er lögð á rósemi og hlýleika í viðmóti starfsmanns.

3. gr.

Að jafnaði skal aðeins unnið á tímabilinu frá 9—17, mánudaga til föstudaga og skal lengd vinnutíma starfsmanna ákveðin í hverju einstöku tilviki.

Starfsmenn heimilishjálpar taka laun hjá Blönduósshreppi og skulu um launakjör gilda samningar milli Blönduósshrepps og viðkomandi stéttarfélags. Starfsmönnum er óheimilt að þiggja greiðslur eða gjafir frá þeim sem fá aðstoð.

4. gr.

Fyrir heimilishjálpi skulu notendur greiða samkvæmt gjaldskrá sem hreppsnefnd Blönduósshrepps setur og félagsmálaráðherra staðfestir. Þar skal tekið tillit til tekna og aðstæðna viðkomandi og kostnaðar við hjálpinu.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Blönduósshrepps, staðfestist hér með samkvæmt 2. gr. laga nr. 10/1952 um heimilishjálpi í viðlögum.

Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 3/1962 um heimilishjálpi í Blönduósshreppi.

Félagsmálaráðuneytið, 12. mars 1986.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Pórhildur Línal.

AUGLÝSING

**um gjald fyrir starfsleyfi er tölvunefnd veitir
samkvæmt 1. mgr. 23. gr. laga um kerfisbundna
skráningu á upplýsingum er varða einkamálefni nr. 39/1985.**

Hér með er ákveðið að greiða skuli gjald að upphæð kr. 660,00 fyrir starfsleyfi er tölvunefnd veitir samkvæmt 23. gr. laga nr. 39/1985. Tekur það bæði til nýrra starfsleyfa og endurnýjunar eldri leyfa.

Gjald þetta er ákveðið samkvæmt heimild í 2. mgr. 23. gr. laga nr. 39/1985.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 11. mars 1986.

F.h.r.

Þorsteinn Geirsson.

Drífa Pálsdóttir.